

**From:** Sölvi Guðmundsson <[solvi@vestfiridir.is](mailto:solvi@vestfiridir.is)>  
**Sent:** Thursday, October 9, 2025 1:54 PM  
**To:** Gerður B. Sveinsdóttir <[gerdur@vesturbyggd.is](mailto:gerdur@vesturbyggd.is)>; Sigríður Júlía Brynleifsdóttir <[sigridurjulia@isafjordur.is](mailto:sigridurjulia@isafjordur.is)>; Bragi Þór Thoroddsen <[bragi@sudavik.is](mailto:bragi@sudavik.is)>; Jón Páll Hreinsson <[jonpall@bolungarvik.is](mailto:jonpall@bolungarvik.is)>; Þorgeir Pálsson <[thorgeir@strandabyggd.is](mailto:thorgeir@strandabyggd.is)>; Ingibjörg Birna Erlingsdóttir <[sveitarstjori@reykholar.is](mailto:sveitarstjori@reykholar.is)>  
**Subject:** Undirbúningur vegna sólmyrkvans 12. ágúst 2026

Sæl,

Þessi póstur er sendur til sveitarstjóra sveitarfélaga sem liggja innan þess svæðis þar sem sólmyrkvi verður sjáanlegur að fullu.

Þann 12. ágúst næstkomandi verður almyrkvi á Vestfjörðum – einstakur atburður sem mun vekja mikla athygli og draga hingað fjölda gesta. Vestfirðir verða í brennidepli þessa dags, og mikilvægt að við séum vel undirbúin og samstillt.

Ég er nú í samstarfi við aðrar markaðsstofur á landinu sem einnig eru á myrkvabeltinu, og saman erum við að miðla reynslu og leiðum til að tryggja sem besta upplifun fyrir gesti og íbúa.

Enn sem komið er hefur lítið heyrst til opinberra aðgerða, þó rætt hafi verið um að setja á laggirnar starfshóp á vegum dómsmálaráðuneytisins – því er sérstaklega mikilvægt að við sýnum frumkvæði hér á Vestfjörðum.

Ég vil því biðja sveitarfélögin á svæðinu að **tilnefna einn starfsmann** sem tengilið í vinnuhóp sem mun samræma undirbúning vegna sólmyrkva. Mikilvægt er að þetta sé starfsmaður sveitarfélagsins, þar sem breytingar geta orðið eftir kosningar í maí.

Hópurinn mun fjalla um hagnýta þætti eins og upplýsingamiðlun, dagskrár, öryggi og söfnunarstaði, og tryggja góða samvinnu milli sveitarfélaga.

Væri frábært ef þið gætuð sent mér nafn og netfang viðkomandi tengiliðs **fyrir 20. október**.

Bestu kveðjur,  
Sölvi Guðmundsson

Verkefnastjóri



Árnagata 2-4, 400 Ísafirði  
Sími + 354 450 6603  
GSM +354 660 0533

[www.vestfiridir.is](http://www.vestfiridir.is)